



Fundargerð

10. fundur lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, fjarfundur haldinn,

19. ágúst 2020, kl. 14:00

Viðstaddir:

Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Þráinn Guðbjörnsson, Kristín Gyða Njálsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufræðingur og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.

* * *

1. Samráðshópur lýðheilsustefnu (2019100079)

a. Kynning á stefnu

Gera þarf aðgerðaráætlun hvernig á að kynna markmið stefnunnar og tengja hana ábyrgðaraðilum svo sem önnur svið Reykjaneshæjar og fleiri aðila. Lýðheilsufræðingur heldur áfram að vinna í málinu. Lýðheilsuráð gerir ráð fyrir að vinnu við stefnuna verði lokið í september, fyrirhugað að kynna stefnuna í heilsuvikunni í október.

b. Heilsulæsi

Guðrún lýðheilsufræðingur kynnti hugmynd af hvernig hægt er að bæta heilsulæsi. Lýðheilsufræðingur og lýðheilsuráði falið að vinna áfram í málinu og safna saman hugmyndum um hvernig hægt er að efla heilsulæsi. Guðrún lýðheilsufræðingur heldur saman hugmyndunum.

2. Heilsueflandi samfélag (2019110318)

Rætt um staðsetningar innan sveitarfélagsins með merkingum *Heilsueflandi samfélag*. Nokkrar hugmyndir komu fram, Guðrún lýðheilsufræðingur ræðir við umhverfissvið. Stefnt á að skiltin verði komin 1. október nk.

Allir grunnskólar í Reykjaneshæ vilja vera með í verkefninu heilsueflandi grunnskólar og eru að fara af stað.

3. COVID-19 (2020030167)

Huga þarf að nemendum bæði grunnskóla og framhaldsskólans, sérstaklega þegar kemur að hreyfingu og félagslífi. Guðrún lýðheilsufræðingur heyrir í íþrótt- og forvarnarfulltrúa og



fulltrúa Fjölbrotarskólans og fær upplýsingum um hvað og hvort hugað sé að þessum efnum.

COVID – 19 hefur áhrif á starfssemi Reykjanesbæjar, fundir hjá nefndum eru fjarfundir, þó nokkrir starfsmenn eru í fjarvinnu, 2 metra reglan er viðhöfð.

Lýðheilsuráð hvetur til þess að leiðbeiningum um sóttvarnir sé fylgt alls staðar í samfélaginu.

4. Suðurnesjaskýrsla (2019110318)

Hugmynd að halda fund með öðrum ráðum og boða fulltrúa Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja á hann. Dagsetning ekki ákveðin.

Samþykktur var frístundastyrkur í tengslum við aðgerðaráætlunar í Suðurnesjaskýrslunni. Styrkurinn verður notaður til að búa til miðlæga heimasíðu um frístundir á Suðurnesjum. Hópurinn Heilsueflandi samfélag heldur utan um verkefnið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50